

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 19. desember 2023 í máli nr. 70/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 25. júlí 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér 91.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 13. september 2022.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi 25. júlí 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbréfi, dags. 27. júlí 2023, sem afhent var varnaraðila þann 31. sama mánaðar. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, tilboð, dags. 6. mars 2022, greiðslukvittun, dags. 15. mars 2023 og afrit af skriflegum samskiptum milli aðila máls.

Með bréfi, dags. 14. desember 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls má ráða að í marsmánuði 2022 óskaði sóknaraðili eftir tilboði varnaraðila í smíði á annars vegar opnanlegu fagi baðherbergisglugga auk glerjunar, málunar og ísetningu þess og hins vegar í nýtt gler í stofuglugga ásamt ísetningu. Í kjölfarið gerði varnaraðili tilboð í verkið að fjárhæð 260.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Miðaðist tilboðið við að 35% staðfestingargjald skyldi greitt við samþykki þess. Þann 15. mars 2022 samþykkti sóknaraðili tilboð varnaraðila og greiddi honum umrætt staðfestingargjald að fjárhæð 91.000 krónur. Að sögn sóknaraðila sömdu aðilar um að verkið yrði unnið fyrir sumarbyrjun árið 2022. Voru aðilar í nokkrum samskiptum í kjölfarið vegna fyrirhugaðrar mælingar varnaraðila fyrir smíðina. Lofaði varnaraðili margsinnis að mæta til sóknaraðila en af því varð ekki. Kveðst sóknaraðili ítrekað hafa reynt að ná í varnaraðila vegna verksins, bæði símleiðis og með tölvupósti en án árangurs. Með tölvupósti 13. september 2022 tilkynnti sóknaraðili varnaraðila að hann sætti sig ekki við frekari drátt á því að verkið myndi hefjast en þá voru liðnir rúmir sex mánuðir frá því að sóknaraðili samþykkti tilboð varnaraðila. Óskaði sóknaraðili jafnframt eftir endurgreiðslu staðfestingargjalds að fjárhæð 91.000 krónur. Ítrekaði sóknaraðili ósk sína um endurgreiðslu 1. október 2022 en að sögn sóknaraðila hefur varnaraðili enn ekki

orðið við því. Krefst sóknaraðili því þess að varnaraðili endurgreiði honum 91.000 krónur auk dráttarvaxta frá 13. september 2022.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni, þ.e. hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir því niðurstaðan á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Samningur aðila fólst í smíði varnaraðila á opnanlegu fagi á baðherbergisglugga ásamt ísetningu þess auk glerskipta í stofuglugga í fasteign sóknaraðila. Ágreiningur málsins heyrir því undir gildissvið þkpl., sbr. 2. tl. 1. gr. laganna.

Í 1. mgr. 20. gr. þkpl. er m.a. kveðið á um að seldri þjónustu skuli lokið á þeim tíma sem samið hefur verið um. Í 2. mgr. sama ákvæðis segir að hafi seljandi þjónustu ekki tekið fram í samningi hvenær henni skuli lokið eða það hefur ekki á annan hátt verið ákveðið telst dráttur vera til staðar ef seljandi þjónustu skilar ekki verki innan sanngjarns frest eftir að krafa um það kemur fram. Í máli þessu liggur fyrir að sóknaraðili ítrekaði margsinnis ósk sína um að varnaraðili myndi hefja hið umsamda verk, síðast 1. október 2022 en þá voru liðnir um sjö mánuðir frá því aðilar sömdu um verkið. Samkvæmt upplýsingum frá sóknaraðila 11. desember 2023 hefur varnaraðili hvorki innt þjónustu sína af hendi né endurgreitt staðfestingargjald sóknaraðila. Má því leggja til grundvallar í málinu að dráttur í skilningi 2. mgr. 20. gr. þkpl. hafi sannarlega orðið á því að þjónustu varnaraðila við sóknaraðila yrði lokið.

Samkvæmt 21. gr. þkpl. getur neytandi rift samningi ef:

1. *drátturinn skiptir hann verulegu máli og seljanda þjónustu mátti vera það ljóst,*
2. *seljandi þjónustu leysir hana ekki af hendi innan umsamins frests eða innan sanngjarns frests eftir að krafa hefur komið fram um afhendingu.*

Líta verður á kröfu sóknaraðila fyrir kærunefndinni um endurgreiðslu innborgunar sem yfirlýsingu um riftun á samningi aðila í skilningi 21. gr. þkpl. Með vísan til þessa lagaákvæðis verður talið að sóknaraðila sé heimilt að rifta samningi aðila og krefjast endurgreiðslu á hinu greidda gjaldi á grundvelli 22. gr. laganna. Þykir ljóst af framlögðum samskiptum aðila að dráttur á þjónustu varnaraðila er orðinn verulegur og virðist útséð með að verkið verði nokkurn tímann klárað.

Dráttur á að veita hina umsömdu þjónustu felur í sér verulega vanefnd sem réttlætir riftun samningsins. Við mat á endurgreiðslukröfu sóknaraðila verður að líta til þess, með hliðsjón af framlögðum gögnum, að varnaraðili hefur í engu efnt samning aðila. Varnaraðila ber því að endurgreiða sóknaraðila 91.000 krónur. Fallist er á að fjárhæðin beri dráttarvexti frá 13. október 2022, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

V
Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, skal greiða sóknaraðila, X, 91.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 13. október 2022 til greiðsludags.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson